

# Af bláum blöðum.

Eftir *Helga Pjeturss.*

Nokkur afmælisorð, töluð í útvarp.

## I.

Þegar mér var sagt, að útvarpaði ætlaði að minnast að nokkru þessa afmælis míns, sem nú er orðið svo mjög nálegt, þá fannst mér það göfuglega gert. Og eins, að gefa mér þá kost á að segja nokkur orð í því sambandi. Og ekki getur verið neinn vafí á því, að það, sem ég segi, ætti, ef unnt væri, að miða að því, að greiða fyrir skilningi á verki mínu, og eins því, að framhald geti orðið. — Það má segja með vissu, að þýðingarmeiri tímar eru nú, og það mjög miklu, en verið hafa áður í sögu mannkynsins. Fyrir meir en 30 árum sagði ég fyrst, að úrslitatímamót væru fyrir hendi, í sögu mannkyns vors; og var þessu þá enginn gaumur gefinn. En nú er svo komið, að þetta er orðið ráðandi skoðun, og ýmsir þeir, sem helzt ætti að vera mark takandi á, hafa jafnvæl látið í ljós ugg um, að skammt kynni að vera til endaloka mannkynssögunnar. Það þarf ekki að esa, að til er ríkur hugur á, að þessari mestu ógæfu mætti verða astýrt; en um skilning á því, hvernig þetta ætti að geta orðið, er aftur á móti mjög lítið. Það skynsamlegasta, sem ég hef séð, er í bók eftir brezka liðsforingjann Ripley Webb, sem heitir „Um tilgang lífsins“, og þar sem segir (s. 131), að ef til vill muni mannkynið komast að þeirri niðurstöðu, að framfarir (sem duga mundu til að bjarga því) séu ómögulegar, án hjálpar frá íbúum jarðstjarna, sem lengra eru komnir en við hér á jörðu. Því miður örlar ekki á þessum skilningi nema á þessum eina stað í bókinni, og það er ekkert upp úr honum lagt. En þeir, sem nokkuð eru kunnugir því, sem ég hef skrifað, munu auðveldlega geta gert sér í hugarlund, að þessi ljósglæta, þó að dauf sé, hafi verið mér gleðiefni, og að ég muni líta á hana sem fyrirboða þess, að ef til vill muni þó betur

birta síðar. En án slíkrar birtu, án skilnings á nauðsyn sambands við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins, er algerlega vonlaust um, að komizt verði burt af þeim vegi til glötunar, sem nú er verið á, og tekin sú leið, sem liggur til sigurs fyrir þá tilraun, sem lífið á vorri jörð er. Vaxandi samstilling, vaxandi samtök um það, sem rétt er, það er leiðin til þess að unnt verði að taka vaxandi þátt í þessu svo óumræðilega stórkostlega fyrirtæki, sem er sköpun heimsins, og lífað geti orðið því lífi, sem ekki er háð böli og dauða. En því miður er ennþá mikil tvísýna á því, hvort komizt verður á hina réttu leið. Þetta eru ógurlega hættulegir tímar. Og hæturnar fara vaxandi því lengra sem líður. Síðari heimsstyrjöldin var hinni fyrri miklu verri, svo ill sem hún þó var; og eftirköst hennar eru langtum illkynjaðri. Og þó að íslenzka þjóðin hafi sloppið ótrúlega vel hingað til, í samanburði við ýmsar þjóðir aðrar, þá bera þó ýms hörmuleg slys, sem hér hafa orðið, því vitni, hvilíkir tímar eru; og það þarf ekki að esa, að ef haldið verður áfram á hinni illu leið, þá mun einnig illa fara fyrir Íslendingum, og það svo, að ekki verður rétt við aftur.

## II.

Eitt það eftirtektarverðasta, sem nú er að gerast, er hinn stóraukni áhugi á vísindum, og það, hversu mjög miklu meira fé er nú varið til vísinda en nokkru sinni áður. Mér virðist ekki alveg ólíklegt, að á þessum síðasta áratug hafi miklu meira fé verið varið til vísindalegra rannsókna en um allan aldur áður, allt frá upphafi vísinda. En þó verður að bæta því við, að það er fyrst og fremst til eðlisfræðilegra rannsókna, sem þessu feikna fé hefur verið varið, og meira að segja aðeins til rannsókna á takmörkuðu svæði eðlisfræðinnar. Orðið kjarnorka nægir til þess, að allir skilji hvað ég á við. Og enn verður því við að bæta, að rannsóknir, sem tugum þúsunda milljóna hefur verið varið til, hafa, a. m. k. til skamms tíma, eingöngu beinzt að því, hvernig nota megi hina nýfengnu eðlisfræðiþekkingu til að framleiða sem allra stórvíkust tæki til manndrápa og rústana.

Svo má jafnvel sjá komizt að orði nú, og það ekki í gamni, heldur af mönnum, sem af fullri alvöru eru að skrifa um vísinda-

leg efni, að önnur vísindaleg starfsemi megi vel heita leikur; alvaran sé þar, sem kjarnorkurannsóknirnar eru. En þetta er þó mjög stórkostlegur misskilningur. Það, sem mest riður á nú, er aukin þekking í liffræði, skilningur á sambandi liffræðinnar við stjörnufræðina, fullkomnari heimsfræði, víðsýnni og djúpúðgari heimspeki. Og það er einmitt í þessum esnum, sem hin nauðsynlega byrjun er orðin hér á Íslandi. Alveg eins og spáð hefur verið. Því að hvað annað ætti að geta þýtt spáin um, að frá Íslandi muni koma það ljós, sem mannkynið þarfnað svo mjög, til að komast á rétta leið.

(Síðasta kafla þessa ávarps, sem flutt var 29. mars 1947, er hér sleppt).

### Hjálpvænlegar bækur.

#### I.

Henri Bergson, f. 1859, hefur verið talinn einn mesti heimspekingur vorra tíma, og 1928 fékk hann rithöfundarverðlaun Nobels. Frægasta bók hans er „L'Évolution créatrice“, sem 1932 hafði komið út 39 sinnum. Síðasta bók hans, sem ég hygg þó að telja megi ennþá merkilegri, heitir „Les deux sources de la morale et de la religion“, og kom hún út 1932 í áttunda sinn. En langmerkilegastar þykja mér í þeirri bék lokasetningarnar (s. 343). Þær eru á þessa leið: „L'humanité gémit à demi écrasée sous le poids des progrès qu'elle a faits. Elle ne sait pas assez que son avenir dépend d'elle. A elle d'abord si elle veut continuer à vivre. A elle de se demander ensuite si elle veut vivre seulement, ou fournir en autre l'effort nécessaire pour que s'accomplisse, jusque sur notre planète réfractaire, la fonction essentielle de l'univers, qui est machine à faire des dieux“.

A íslenzku: „Mannkynið stynur hálfsligað, undir byrði þeirra framfara, sem það hefur sjálf skapað. Það veit ekki nógu vel, að það á framtíð sína undir sér sjálfu. Mannkynið verður að ráða það við sig sjálf, hvort það vill aðeins halda áfram að vera til, eða leggja sig enn fram svo sem nauðsynlegt er, til þess að fullnægt geti orðið, jafnvel á þessari jarðstjörnu vorri, sem er lífinu

svo óþjál og andvíg, því sem um fram allt er ætlunarverk alheimsins; en hann er vél til þess að búa til guði“.

Þetta eru stórkostleg orð. Og víst á sá, sem slikt hefur ritað, skilið að vera dáður sem mikill heimspekingur. Parna vottar vissulega fyrir skilningi á stórkostlegum tilgangi heimsins. En því miður er sá skilningur ekki nógu ljós. Það verður ekki séð, að spekingurinn hafi gert sér grein fyrir því, að það mannkyn, sem ekki kemst áleiðis til að verða goðkyn, er dauðadæmt. Og enga þá fræðslu veitir heimspeki hans, sem dugað geti til að sýna oss, hvernig skipta megi um frá helstefnu til lífstefnu. Bergson hefur allt of mikla aðdáun á dulspekistefnunni, mystískismanum. En þessi svo óskiljanlega viði heimur geims, sólna o. s. frv., er undursamlegur, langt fram yfir það, sem nokkur dulspeki nær til. Og Bergson hefur ekki, fremur en fyrri heimspekingar, skilið hið sanna eðli hinnar dulrænu leiðslu. En þegar það er gert, þá er í raun réttri mystískismanum, dulspekistefnunni, lokið.

## II.

Bergson er meiri vitringur en svo, að hann geri, eins og sumir aðrir, ráð fyrir því, að í öllum alheimi sé ekki til líf nema á þessari jörð. Hann kemst, meira að segja, þannig að orði (*Les deux sources*, s. 273): „il est vraisemblable que la vie anime toutes les planètes suspendues à toutes les étoiles“.

Að vísu er nokkuð óljóst að orði komizt. En þó virðist réttast að þýða þetta þannig, að Bergson telji það „líklegt, að lifandi verur séu til á jarðstjörnum allra sólna“.

Þetta hefur þó ekki reynzt hinum franska speking nein hjálp til að átta sig á uppruna trúarbragðanna — en þau er öll að rekja til mis- og vanskilinna áhrifa frá lísverum á öðrum jarðstjörnum alheimsins — né heldur á þessu aðalatriði, hvernig mannkyn getur komizt á leiðina til að verða goðkyn.

Í þessu efni er enski spekingurinn Ripley Webb hinum franska langtum fremri. Webb er ekki einungis farinn að skilja, að samband við fullkomnari mannkyn á öðrum jarðstjörnum alheimsins muni geta átt sér stað, heldur telur hann einnig líklegt, að það samband sé svo nauðsynlegt, að ef það tekst ekki, þá sé ekki annað framundan en glötun. Hann hyggur jafnvel þá glötun

svo nálægt, að nú þegar „megi nálega heyra duna framundan fossana, sem mannkynið mun farast í, ef ekki verður þess auðið, að breyta um stefnu“ (A Meaning to Life, s. 9).

### III.

Þá skal enn getið tveggja bóka, sem mér virðast mjög liklegar til að eiga það skilið, að vera kallaðar hjálpvænlegar. Bækur þessar eru eftir ítalskan háskólakennara, Enzo Lolli, sem virðist hafa verið mjög ljómandi gáfumaður. Hann fórst, því miður, undir styrjaldarlokin, aðeins simmtugur. Hafði hann þá nýlokið við seinni bók sína, sem heitir: The Irradiation of Life and Thought. Hin bókin heitir: The Inductive Conception of Life.

Ég hef því miður ekki getað náð í þessar bækur ennþá, en fyrirsagnirnar nægja til að sýna, að þarna er um óvanalega merkilegar bækur að ræða. Og ég vil ekki láta dragast að minnast á þær, m. a. vegna þess, að orð míni gætu ef til vill orðið til þess, að einhver Íslendingur, sem á Bretlandi dvelur, eða þangað kemur, veitir þeim fremur eftirtekt.

Bókarheiti þessi benda mjög eindregið í þá átt, að þar sé verið á likri leið og lagt er á með hinni nýju, íslenzku heimspeki, hýper-zóismanum, og að það, sem prófessor Lolli hefur skrifað um geislan og magnan í sambandi við líf og vit, muni því geta orðið til að greiða fyrir réttum skilningi á eðli draumlífsins, og þar með uppgötvun lífsbands stjarna á milli. Væri þá mikið unnið.

En um efni bókanna og efnismeðferð höfundar hef ég séð þetta sagt: „Dr. Lolli's ideas are both stimulating and original, expressed in a style of cultured charm and unexcelled brilliance“.

Er þarna sagt, að efni bóka dr. Lollis sé frumlegt og vel lagað til að örva hugsun lesandans, en frá því skýrt af svo ljómandi ritnsnilld, að þar hafi ekki verið meir en jafnast við (og þó er um að ræða ritnsnilld á máli, sem ekki er móðurmál höfundarins).

Því verður ekki móti mælt, að lof eins og þetta er vel lagað til að glæða hjá oss þá von, að í bókum þessum kunni að vera eitthvað af þeim nýju hugsunum, sem ýmsir hafa fundið, að þessa tíma vanhagar svo mjög um. Og ef það er satt sagt, að málsmeðferðin sé svo að af ber snjöll, þá virðist óhætt að gera ráð fyrir því, að sjálft málefnið sé meir en í meðallagi merkilegt.